



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustur, 18. febrúar 2013

Efni: Umsögn Skaftárhrepps um frumvarp til laga um velferð dýra, þingskjal 316, 283. mál.

Þann 8. febrúar barst tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendir Skaftárhreppi til umsagnar frumvarp til laga um velferð dýra (heildarlög), 283. mál. Þar er þess óskað að umsögn berist í síðasta lagi 13. febrúar.

Þann 11. febrúar barst svo tölvupóstur frá nefndarsviði, þar sem segir að borist hafi fréttir af því að umsagnarfrestur muni ekki nægja í öllum tilvikum og þess vegna hafi 1. varaformaður nefndarinnar lagt til að umsagnarfrestur verði framlengdur til og með sunnudagsins 17. febrúar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir athugasemdir við það verklag, að frumvarp til laga um velferð dýra hafi ekki verið sent öllum sveitarfélögum landsins til umsagnar, með sama hætti og á sama tíma og frumvarpið var sent öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Í fyrstu var frestur til umsagna 3 virkir dagar en svo framlengdur í 5 virka daga.

Frumvarpið snertir mjög megin atvinnugrein sveitarfélagsins Skaftárhrepps. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur því nauðsynlegt, að gefinn verði rýmri tími til umsagnar en nú er boðið upp á.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur til þess að vandlega verði gætt að samræmi þessara laga við önnur núgildandi lög, t.d. lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr.6/1986 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri.

